

## Ályktarorð:

Frávísunarkrafa varnaraðilja, Eyjólfss Konráðs Jónssonar, verður ekkj tekin til greina.

---

Miðvikudaginn 26. apríl 1961.

Nr. 132/1960. **Trygging h/f** (Benedikt Sigurjónsson hrl.)

gegn

**Marz h/f** (Haukur Jónsson hrl.).

## Dómendur:

**hæstaréttardómara**nir **Gizur Bergsteinsson**, **Jónatan Hallvarðsson**, **Lárus Jóhannesson** og **Pórður Eyjólfsson** og prófessor **Ólafur Jóhannesson**.

Vátryggingarsamningur.

**Dómur Hæstaréttar.**

Afrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. júlí 1960 og krafizt þess, að honum verði dæmd sýkna og að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, tókst áfrýjandi á hendur með samningi 1. febrúar 1955 að tryggja stefnda um fimm ár gegn þeirri einkaréttarábyrgð, sem hvíldi á honum sem atvinnurekanda við útgerð b/v Marz, með tryggingarfé allt að kr. 1.000.000.00, þó með tilgreindum takmörkunum. Stefndi greiddi ársiðgjöld, sem féllu í gjalddaga 1. febrúar árin 1955, 1956, 1957 og 1958. Hinn 31. október 1958 sagði áfrýjandi upp tryggingarsamningi aðilja frá 15. nóvember 1958 að telja með tilvísun til 2. mgr. 10. gr. tryggingarskilmálanna, þar sem honum var m. a. veitt heimild til að segja tryggingunni upp með 14 daga fyrirvara, þá er stórfelld lækkun verður á kaupmætti íslenzkrar krónu, hvort sem hún stafar af gengislækkun eða öðrum orsökum.

Til þess að halda tryggingunni varð stefndi að greiða aukaiðgjald, kr. 4.799.39, um tímabilið 15. nóvember 1958 til 1. febrúar 1959. Endurkrefur hann áfrýjanda um þessa fjárhæð í máli þessu.

Með gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, er í ljós leitt, að slík lækkun hefur orðið á kaupmætti íslenzkrar krónu á tímabilinu frá 1. febrúar 1955 til 31. október 1958, að áfrýjanda var rétt að beita ákvæði 2. mgr. 10. gr. tryggingarskilmálanna, sem hvorki brjóta í bága við 50. gr. laga nr. 20/1954 né önnur lög. Ber því að taka kröfu áfrýjanda um sýknu í málinu til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

#### Dómsorð:

Áfrýjandi, Trygging h/f, á að vera sýkn af kröfum stefnda, Marz h/f, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. apríl 1960.

Mál þetta, sem dómtekið var 9. þ. m., hefur Marz h/f, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 19. nóvember 1958, gegn Tryggingu h/f, hér í bænum.

Hefur stefnandi gert þær dómkröfur í stefnu í málinu, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða kr. 4.799.39 auk 6% ársvaxta frá 15. nóvember 1958 til greiðsludags svo og að stefndi verði með dómi skyldaður til að halda áfram ábyrgðartryggingu Marz h/f með sömu skilmálum, hvað snertir eigin áhættu tryggða, og gilt hafa fram til 15. nóvember 1958. Þá krefst stefnandi og málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu að mati dómarans.

Við munnlegan flutning málsins var sú breyting gerð á kröfum stefnanda, að auk endurgreiðslu var þess nú krafizt, að stefndi verði með dómi skyldaður til að halda áfram ábyrgðartryggingu h/f Marz til 1. febrúar 1960 með sömu skilmálum, hvað snertir eigin áhættu tryggða, og giltu fram til 15. nóvember 1958.

Af hálfu stefnda hefur verið krafizt sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans að mati dómarans.

Málavextir eru þessir:

Með váttryggingarsamningi, gerðum hinn 1. febrúar 1955, tók stefndi að sér að tryggja stefnanda gegn þeirri einkaréttarábyrgð, sem hvíldi á honum sem atvinnurekanda með útgerð b/v Marz. Nam tryggingarfjárhæðin allt að kr. 1.000.000.00, en var þó háð takmörkunum, varðandi hvert einstakt tjón. Af hverju tjóni skyldi tryggð bera sjálfur kr. 200.00. Váttryggingarsamningurinn var gerður til fimm ára og iðgjöldum skipt þannig, að þau skyldu greiðast árlega fyrirfram fyrir eitt ár í senn með gjalddaga hinn 1. febrúar ár hvert. Stefndi greiddi strax iðgjaldið fyrir tímabilið 1. febrúar 1955 til 1. febrúar 1956 og á sama hátt iðgjöld þau, er féllu í gjalddaga í febrúar 1956, 1957 og 1958. Með bréfi, dags. 31. október 1958, sagði stefndi upp tryggingarsamningi aðiljanna og krafðist herra iðgjalds samkvæmt ákvörðun stjórnar Tryggingarsamsteypunnar og með vísan til 10. gr. hinna almennu skilmála um ábyrgðartryggingar. Samkvæmt uppsögninni skyldi tryggingin falla úr gildi hinn 15. nóvember 1958. Stefndi greiddi nú með fyrirvara mismun iðgjalds þess, sem hann hafði þegar greitt fyrir tímabilið 1. febrúar 1958 til 1. febrúar 1959, og hins hækkaða iðgjalds fyrir tímabilið 15. nóvember 1958 til 1. febrúar 1959. Nam sá mismunur kr. 4.799.39 auk iðgjaldsskatts. Jafnframt mótmælti stefndi uppsögn stefnda á tryggingarsamningnum sem ógildri og áskildi sér rétt til að bera lögætti hennar undir dómstóla. Stefndi gaf nú út nýtt tryggingarskírteini í stað hins eldra.

Samkvæmt hinu nýja skírteini var hinum almennu skilmálum um eigin áhættu tryggða breytt á þann veg, að af hverju tjóni skyldi tryggð nú sjálfur greiða 10%, þó lægst kr. 500.00 og hæst kr. 10.000.00. Stefndi veitti skírteininu móttöku til þess að eiga ekki á hættu að vera án tryggingar. Mótmælti hann sérstaklega þessari breytingu á tryggingarskilmálunum og áskildi sér rétt til að bera gildi hennar undir dómstóla.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að stefnda sé óheimilt að segja einhliða upp tryggingarsamningi aðiljanna og breyta iðgjöldum og almennum skilmálum, þar á meðal ákvæðum um eigin áhættu tryggða. Hann, þ. e. stefndi, hafi gengið út frá þessu við samningsgerðina og talið samninginn fela þetta í sér, enda sé slíkur samningur að öðrum kosti þýðingarlaus.

Þá er því og haldið fram af hálfu stefnanda, að engin sú breyting hafi orðið á áhættu stefnda í sambandi við trygginguna síðan 14. apríl 1958, sem réttlæti uppsögn samningsins. Þá hafi engin

stórfelld breyting orðið á kaupmætti íslenzku krónunnar á þessu tímabili, og þótt einhver lækkun hafi orðið, þá geti hún á engan hátt réttlætt þá miklu hækkun, sem orðið hafi á iðgjaldinu við hækkunina.

Við munnlegan flutning málsins voru kröfur stefnanda einnig studdar þeim rökum, að ákvæði laga um váttryggingarsamninga heimili ekkj slíkar breytingar á váttryggingarsamningum, sem stefndi hefur gert á samningi þeirra aðiljanna.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að sökum stórfelldrar lækkunar á verðgildi íslenzku krónunnar hafi allar ástæður verið svo stórlega breyttar almennt, að lögskipti aðiljanna hafi verið orðin önnur, er samningnum var sagt upp, en til var ætlaðt í upphafi. Uppsögnin hafi verið byggð á 2. mgr. 10. gr. hinna almennu skilmála fyrir ábyrgðartryggingar, en ákvæði þetta sé svo víðtækt, að það nái til samnings aðiljanna í heild, og hafi hann því allur fallið úr gildi við uppsögnina.

Af hálfu stefnda hefur því verið haldið fram, að ákvæði 45. gr. laga um váttryggingarsamninga eigi hér ekkj við, þar sem aukning áhættunnar hafi hér ekkj orðið vegna aðgerða stefnanda.

Eins og fram er komið í máli þessu, byggði stefndi uppsögn sína á váttryggingarsamningi aðiljanna eingöngu á ákvæði 10. gr. hinna almennu skilmála samningsins. Ákvæði 2. mgr. 10. gr. hljóðar svo: „Þegar áhætta breytist félaginu í óhag umfram það, sem eðlilegt var, að það reiknaði með, þegar það tók trygginguna, getur það sagt henni upp með fjórtán daga fyrirvara. Uppsagnar-ákvæði þetta nær einnig til áhættuaukningar, sem stafar af stórfelldri lækkun á kaupmætti íslenzku krónunnar, hvort sem hún stafar af gengislækkun eða öðrum orsökum.“

Það má fallast á það með stefnda, að áhætta hans hafi aukizt, frá því er samningur aðiljanna var gerður og þar til honum var sagt upp, þar sem telja verður, að einstakar greiðslur, sem hann kynni að hafa þurft að greiða vegna samningsins og fallið hefðu innan við hámarksákvæði hans, hefðu orðið hærri að krónutölu en hliðstæðar greiðslur við upphaf samningstímabilsins vegna lækkaðs verðgildis íslenzku krónunnar.

Á hinn bóginn verður að telja, að ákvæði 50. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 20/1954 valdi því, að stefndi hafi eigi getað byggt uppsögn sína á samningi aðiljanna á þessari auknu áhættu og uppsögnin hafi því verið ólögmet, enda verður eigi talið, að stefndi hafi fært að því nægileg rök, að lögskipti aðilj-

anna hafi verið orðin önnur en til var ætlaðt í upphafi sökum gerbreyttra ástæðna.

Samkvæmt þessu þykir því bera að dæma stefnda til að endurgreiða stefnanda mismun iðgjalds þess, sem hann hafði þegar greitt fyrir tímabilið 1. febrúar 1958 til 1. febrúar 1959, þ. e. kr. 4.799.39, ásamt vöxtum, eins og krafizt er.

Stefnandi hefur einnig krafizt þess, að stefndi verði skyldaður til að halda áfram ábyrgðartryggingu h/f Marz til 1. febrúar 1960 með sömu skilmálum, hvað snertir eigin áhættu tryggða, og giltu fram til 15. nóvember 1958.

Um þenna hluta dómkrafna stefnanda er það að segja, að tryggingartímabil hins upphaflega samnings aðiljanna er nú liðið. Upplýst er í málinu, að engin einkaréttarkrafa hefur verið gerð samkvæmt samningnum, hvorki að því er tekur til eigin ábyrgðar stefnanda né ábyrgðar stefnda. Þykja því eigi efni til að leggja dóm sérstaklega á þenna hluta af dómkröfum stefnanda.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 4.799.39 auk 6% ársvaxta frá 15. nóvember 1958 til greiðsludags svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 1200.00.

Guðmundur Jónsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

#### Dómsorð:

Stefndi, Trygging h/f, greiði stefnanda, Marz h/f, kr. 4.799.39 auk 6% ársvaxta frá 15. nóvember 1958 til greiðsludags og kr. 1200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

---